

Fréttabréf UMSE

1. tbl. 30. árgangur 2015



Fréttir af innra starfi UMSE

UMSE verði „Fyrirmyndarhérað“

Á ársþingi UMSE í mars var samþykkt ný stefna UMSE. Meðal efnis hennar er að UMSE skuli sækja um að verða Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, en um er að ræða einskonar gæðavottun sem veitt verður til íþróttahéraða og er í anda Fyrirmyndarfélags ÍSÍ.

Samningar við sveitarfélög



Stjórn UMSE hefur á síðustu misserum unnið að því að gera langtíma samstarfssamninga við sveitarfélögin á starfssvæðinu. Þessi vinna er vel á veg komin. Nú þegar hefur verið skrifað undir samning við Dalvíkurbyggð og vonir standa til að samningar við Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp klárast á næstunni. UMSE hefur átt gott samstarf við sveitarfélögin til fjölda ára, m.a. styðja þau við rekstur skrifstofu og fleira sem snýr að starfi UMSE. Samningunum er ætlað að formfesta samstarfið enn frekar og auka það á vissum sviðum.

Stefnur og reglur

Stjórn UMSE hefur samþykkt drög að nýrri forvarnar- og fræðslustefnu fyrir sambandið. Stefnan er í takt við stefnu UMSE og miðar að því að auka sérstaklega við fræðslu fyrir aðildarfélögin og iðkendur þess. Þá hafa einnig verið samþykkt drög að nýjum siðareglum UMSE. Á döfinni er mótun sérstakrar umhverfisstefnu fyrir sambandið. Þessar stefnur og reglur verða lagðar fram til samþykktar á næsta ársþingi UMSE.

Samstarf við skóla

Á næsta ári mun UMSE óska eftir sérstöku samstarfi við skólana á starfssvæðinu. Markmiðið verði að koma á fót íþróttamótum milli skóla, þar sem nemendur gefst tækifæri til að kynnast íþróttagreinum sem stundaðar eru á hverjum stað, kynnast innbyrðis og styrkja þannig félagsleg tengsl á sambandssvæði UMSE.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi er aðalstyrktaraðili UMSE. Bústólpi hefur þannig um áramóðir lagt sitt af mörkum við uppbyggingu þeirrar öfluglu íþróttastarfsemi sem nú er á starfssvæði UMSE.

Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp-, og alifugla. Auk þess hefur fyrirtækið á boðstólnum úrval af sáðvöru, og áburði í litlum sem stórum pakkingum, á hagstæðu verði.

Fyrirtækið býr yfir áralangri reynslu í þjónustu við bændur, garðeigendur og skógræktarfólk.

Bústólpi selur einnig fódursíló og aðrar vörur tengdar fóðrun og jarðrækt.

Heimsækið Bústólpa á www.bustolpi.is

Kjör íþróttamanns UMSE

Kjóri íþróttamanns UMSE 2015 verður lýst 14. janúar í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit. Jafnframt verða veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum á árinu.

Í kjöri þetta árið eru:

Andrea Björk Birkisdóttir, Skíðamaður UMSE 2015.

Anna Kristín Friðriksdóttir, Hestaíþróttamaður UMSE 2015.

Guðmundur Smári Daníelsson, Frjálsíþróttamaður UMSE 2015.

Haukur Gylfi Gíslason, Badmintonmaður UMSE 2015.

Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, Sundmaður UMSE 2015.

Jón Elvar Hjörleifsson, Borðtennismaður UMSE 2015.

Ólöf María Einarsdóttir, Golfmaður UMSE 2015.

Arnór Snær Guðmundsson, tilnefndur af stjórn UMSE fyrir góðan árangur í golfi 2015.

Axel Rey Rúnarsson, tilnefndur af stjórn UMSE fyrir góðan árangur á skíðum 2015.

Sveinborg Katla Daníelsdóttir, tilnefnd af stjórn UMSE fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum 2015.

Landsmótssjóður

Á árinu var úthlutað tvisvar úr Landsmótssjóði UMSE 2009. Sjóðurinn er einkonar fræðslu- og verkefnasjóður sem stofnaður var í kjölfar Landsmóts UMFÍ 2009 sem UMSE hélt í samstarfi við UFA.

Við fyrri úthlutunina bárust 10 umsóknir. Úthlutað var til þriggja verkefna, samtals kr. 270.000.-.

-Golfklúbburinn Hamar kr. 150.000.- vegna kaupa á sérhæfðu tæki v/ inniádstöðu.

-Hestamannafélagið Funi kr. 100.000.- vegna smíði á startbás.

-Sundfélagið Rán kr. 20.000.- vegna sundleikfimi-námskeiðs fyrir 25 ára og eldri.

Fyrir seinni úthlutunina bárust 11 umsóknir. Úthlutað var vegna 9 þeirra, samtals að upphæð kr. 380.000.-

-Umf. Samherjar, kr. 50.000.- vegna kaupa á borðtennisróbót.

-Umf. Samherjar, kr. 30.000.- vegna borðtennisþjálfaranámskeiðs.

-Blakfélagið Rimar, kr. 80.000.- vegna framkvæmda við uppsetningu á strandblakvelli á Dalvík.

-Skíðafélag Dalvíkur, kr. 40.000.- vegna verkefnisins „Fyrsti bekkur á skíði“.

-Skíðafélag Dalvíkur, kr. 60.000.- vegna kaupa og uppsetningar á ljóskösturum á barnasvæði.

-Sundfélagið Rán, kr. 40.000.- vegna þátttöku á sunddómaranámskeiði.

-Hestamannafélagið Funi, kr. 40.000.- vegna reiðkennslu barna og unglinga.

-Óskar Þór Vilhjálmsson, kr. 20.000.- vegna þátttöku á knattspyrnuþjálfaranámskeiði.

Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, kr. 20.000.- vegna endurmenntunar í reiðkennslu.

Opnunartími á skrifstofu UMSE:

Þriðjudaga frá kl. 11:00 til 15:00

Fimmtudaga frá kl. 11:00 til 15:00

Unglingalandsmótið á Akureyri

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Akureyri um verslunarmannahelgina. UMSE var að venju með fjölda þátttakenda á mótinu. Rúmlega 90 keppendur lögðu leið sína á mótið og tóku þátt í fimleikum, frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfuknattleik, fjallahjólreiðum, götuhjólreiðum, borðtennis, badminton, strandblaki, sundi, hestaíþróttum, golfi, skák, júdí, tölvuleik, stafsetningu og bogfimi.

Í tjaldbúðum UMSE var þó nokkur fjöldi þrátt fyrir nálægð við heimahaga. Samkomutjaldið stóð fyrir sínu og aðstaðan þar var vel nýtt af keppendum og aðstandendum þeirra. Í árlega grillveislu mættu um 200 manns og heppnaðist hún vel að vanda.

UMSE færir þeim þeim aðilum sérstakar þakkir sem styrku þátttökuna á mótinu. Það voru Bústólpi ehf. aðal styrktaraðili UMSE, Landflutningar styrktaraðili UMSE, Nettó, Kaffibrennslan, Ölgerðin og Félagsbúið Áshóli.

Fréttir af síðasta ársþingi

Fimmtudaginn 12. mars 2015 fór fram 94. ársþing UMSE. Þingið var haldið í Funaborg á Melgerðismelum, félagsheimili Hestamannafélagsins Funa, en félagið hafði jafnframt umsjón með þinginu. Vel var mætt á þingið og voru þátttakendur alls 45, fulltrúar frá aðildarfélögum og stjórn, gestir og starfsmenn þingsins. Þess má geta að fulltrúar frá 11 af 14 aðildarfélögum voru á þinginu, auk fulltrúa stjórnar og var mætingin um 75% af mögulegum heildarfjölda fulltrúa. Þingið var nú haldið í annað sinn að kvöldi til á virkum degi.

Þingið gekk vel fyrir sig og voru umræður bæði líflugar og málefnalegar. Alls voru 14 tillögur samþykktar, sem munu eiga þátt í að móta starf UMSE næstu árin. Þar ber hæst að stefna UMSE 2015-2020 var samþykkt samhljóða og er ljóst að hún mun móta mikinn hluta starfsins næstu árin.

Að venju fóru fram kosningar á þinginu til stjórnar og varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og til sjóðsstjórnar Landsmótssjóðs UMSE. Að þessu sinni var kosið um varaformann og gjaldkera í stjórn UMSE. Sigurður Eiríksson var kjörinn varaformaður UMSE,



en Edda Kamilla Örnólfsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni. Einar Hafliðason var endurkjörinn gjaldkeri. Í varastjórn, voru endurkjörin Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Svarfdæla og Gunnar Ingi Ómarsson, Umf. Æskunni. Auk þeirra var Jóhannes Gísli Pálmason, Umf. Smáranum kjörinn í varastjórnina. Aðrir sem sitja í stjórn UMSE eru Bjarnveig Ingvadóttir, formaður, frá Umf. Svarfdælum, Sigrún Finnsdóttir, ritari, frá Umf. Smáranum og Þorgerður Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, frá Umf. Samherjum.

Á meðan á kvöldverði þingsins stóð voru veittar heiðursviðurkenningar til nokkurra einstaklinga. Anna Kristín Árnadóttir, Sigurður

Eiríksson, Óskar Þór Vilhjálmsson, Brynjar Skúlason, Þorgerður

Guðmundsdóttir og Kristján Ólafsson hlutu öll starfsmerki UMSE.

Jónas Vigfússon, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Marinó Þorsteinsson hlutu öll Gullmerki UMSE. Fulltrúi

Íþrótt- og ólympíusambandsins

á þinginu, Viðar Sigurjónsson, veitti fyrir hönd ÍSÍ Óskari Þór Vilhjálmssyni Silfurmerki ÍSÍ og Jónasi Vigfússyni Gullmerki ÍSÍ. Haukur Valtýsson, þáverandi varaformaður og núverandi formaður Ungmennafélags Íslands veitti Hafðisi Dögg Sveinbjarnardóttur og Stefáni Sveinbjörnssyni starfsmerki UMFÍ og Hringi Hreinssyni Gullmerki UMFÍ. UMSE óskar þessum einstaklingum til hamingju.

Á þinginu var að venju veittur Félagsmálabikari UMSE. Bikarinn er veittur af stjórn til þess félags sem talið er hafa staðið sig vel varðandi innra starf félagsins, bæði varðandi íþróttastarf og almennt félagsstarf. Að þessu sinni hlaut Umf. Þorsteinn Svörfuður bikarinn og tók Ómar Hjalti Sölvason, stjórnarmaður félagsins við viðurkenninguna.

Þinggerðin er aðgengileg á vefsíðu UMSE, www.umse.is. Sömu leiðis verður hægt að nálgast ársskýrslu UMSE á vefnum. Einnig má geta þess að nýsamþykkt stefna UMSE er aðgengileg á sama stað.

UMSE færir öllum þeim fulltrúum sem tóku þátt í þinginu þakkið fyrir vel unnin störf. Fráfarandi stjórnarfólki eru þökkun þeirra störf í þágu UMSE og óskað velfarnaðar. Sérstakar þakkið fá Eyjafjarðarsveit sem studdi dyggilega við þinghaldið og Bústólpi ehf., aðalstyrktaraðili UMSE.



Úthlutað úr afreksmannasjóði UMSE

15. desember var úthlutað úr afreksmannasjóði UMSE. Að þessu sinni bárust sjóðnum 15 umsóknir og hlutu 14 umsækjendur úthlutun. Umsækjendur koma frá nokkrum félögum og úr nokkrum mismunandi aðildarfélögum. Stjórn UMSE úthlutar úr sjóðnum.

Eftirtaldir hlutu úthlutun:

- Agnes Fjóra Flosadóttir, sund.
- Amalía Nanna Júlíusdóttir, sund.
- Amanda Guðrún Bjarnadóttir, golf.
- Arnór Snær Guðmundsson, golf.
- Axel Reyur Rúnarsson, skíði.
- Eir Starradóttir, frjálsíþróttir.
- Guðfinna Þorleifsdóttir, skíði
- Guðmundur Smári Daníelss., frjálsíþróttir.
- Guðni Berg Einarsson, skíði.
- Helgi Halldórsson, skíði.
- Hjörleifur Helgi Sveinbjarnars., sund.
- Ólöf María Einarsdóttir, golf.
- Sveinborg Katla Daníelsd., frjálsíþróttir.
- Viktor Hugi Júlíusson, frjálsíþróttir.

Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að vera efnilegir íþróttamenn sem hafa staðið sig frábærlega, hvert á sínum vettvangi, á árinu.



www.umse.is

Lítu við á heimasíðu UMSE

Þar finnurðu fréttir af starfi UMSE og aðildarfélaga þess

Skrifstofa UMSE er opin á þriðjudögum kl. 11:00-15:00 og á fimmtudögum kl. 11:00-15:00.

Utan þess tíma er hægt að hafa samband við framkvæmdastjóra í síma:868-3820

eða tölvupósti: umse@umse.is

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði.

Útgefandi:
Ungmennasamband Eyjafjarðar
Óseyri 2, 603 Akureyri.
Veffang: www.umse.is
Tölvupóstur: umse@umse.is
Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson